

Ágætu Akurnesingar, góðir tilheyrendur.

Til hamingju með daginn og gleðilega þjóðhátíð.

Það eru mikil forréttindi að ávarpa ykkur hér í dag. Þetta er í annað sinn sem mér hlotnast sá heiður að flytja hátíðarræðuna á 17. júní en það geri ég með ánægju.

Ég velti því aðeins fyrir mér hvað ég ætti að segja við ykkur og eftir nokkrar vangaveltur ákvað ég að tvinna saman drauma, umburðarlyndi og þjóðarstolt.

Það er ekki erfitt að vera stoltur Íslendingur og flestir sem horfðu á karlalandsliðið í knattspyrnu gera jafntefli við Portúgal á EM fundu blóðið streyma örar í æðum sér. Það var stórkostlegt að fylgjast með strákunum vinna sér sæti á EM en kannski trúði maður því aldrei að ævintýrið héldi áfram. En jú, það gerðist og aldrei að vita hvert framhaldið verður. Þeir virðast alla vega staðráðnir í að láta drauminn rætast fyrir sig og okkur öll.

Markmaður íslenska landsliðsins Hannes Þór Halldórsson átti sér þann draum frá því að hann var 10 ára gamall að komast í landsliðið í knattspyrnu. Þrátt fyrir að hafa lent í erfiðum axlarmeislum á unglingsárunum glataði hann aldrei trúnni á að draumurinn gæti orðið að veruleika.

Ég nefni þetta vegna þess að flestir eiga sér drauma og það er bæði hollt og gott að láta sig dreyma. Öll vitum við að sumir draumar rætast aldrei sama hve heitt við þráum það. En aðrir eru sjálfsagðir fyrir suma en verða aldrei að veruleika fyrir aðra.

Ég er fædd og uppalin á Akranesi og hef búið hér allt mitt líf að undanskildum nokkrum árum þegar ég var í námi erlendis. Foreldrar mínir eru bæði fædd og uppalin hér einnig. Sömu sögu er að segja um manninn minn og fjölskyldu hans. Við erum sem sagt ekta Skagamenn eins og gömul vinkona mín sagði eitt sinn og við væntum þess að börnin okkar yrðu það líka.

Að eignast börn er eitt af því sem við göngum eiginlega að sem vísu þegar við eldumst og eignumst maka. Það er einn af draumunum sem rætist hjá flestum sem betur fer, en ekki öllum. Og ekki í okkar tilviki. En við eigum tvær ættleiddar dætur sem hafa uppfyllt okkar villtustu drauma. Þær eru dökkar á hörund, koma frá Sri Lanka önnur og Indlandi hin. En þær eru samt ekta Skagamenn og stoltar bæði af uppruna sínum og því að vera Íslendingar.

Þegar við komum heim frá Indlandi með yngri dóttur okkar beið lítil vinkona í götunni spennt eftir að hitta hana. Og hún hljóp með bílnum frá götuhorninu að húsinu okkar. Hún kom inn og fékk að sjá litluna okkar og fór svo heim aftur. Aðspurð sagði hún mömmu sinni að litlan væri ógesslega lítil, ógesslega sæt og ógesslega brún. Mamma hennar sagði þá að hún væri bara eins og systir hennar en sú stutta mótmælti því harðlega. Hún rölti því aftur yfir til að athuga hvort þetta gæti verið rétt sem það og var. Hún hafði bara aldrei tekið eftir því.

Hvers vegna nefni ég þetta hér? Jú, vegna þess að þessi litla stúlka sem nú er orðin gift kona og móðir sjálf, hafði aldrei velt því fyrir sér hvernig krakkarnir í hverfinu litu út. Þeir voru bara þarna og léku sér, allir eins eða þannig að því undanskildu að hún var alveg með á hreinu hverjir voru stelpur og hverjir strákar. Fordómar eru nefnilega ekki meðfæddir, þeir lærast af og í umhverfinu. Við sem erum fullorðin gegnum í þessum efnunum veigamiklu hlutverki. Af því læra börnin sem fyrir þeim er haft stendur einhvers staðar.

Við erum ólík bæði að utan og innan. Lítum bara í kringum okkur. Er ekki skemmtilegt að sjá hópinn hér litaglaðan og af öllum stærðum og gerðum? Myndum við frekar vilja eina ríkisklippingu eða einn ríkisfatnað, öll hús eins á litinn og bílana af einni sort.

Ógnar fjölbreytileikinn okkur? Eða gefur hann okkur kannski tækifæri, eykur víðsýni okkar og umburðarlyndi. Við þekkjum sjálfsagt mörg ef ekki öll einhvern sem hefur dvalist langdvölum erlendis við nám eða störf. Okkur þykir það bæði sjálfsagt og eðlilegt. Og við viljum gjarnan

njóta alls þess sem aðrar þjóðir hafa upp á á bjóða þegar við sækjum þær heim.

Hvað er konan að hugsa kann einhver að spyrja sig. Hvurs laga hátíðarræða á er þetta eiginlega sjálfan þjóðhátíðardaginn? Jú, vegna þess að þótt ég sé full af þjóðarstolti rétt eins og þið hin finnst mér aðeins farið að örla á þjóðerniskennd í íslensku samfélagi sem er ekki það sama og þjóðarstolt. Þjóðerniskennd getur vel verið af hinu góða og hún færði okkur sjálfstæði frá Dönnum á sínum tíma. En hún getur verið of mikil og jafnvel hættuleg þegar sjóndeildarhringurinn verður svo þröngur að við lítum hornauga allt sem ekki er okkur þóknanlegt og viljum velja hverjir fá að koma hingað eða setjast hér að.

Hér á landi býr fjöldi fólks af öðrum þjóðernum sem hefur valið að flytjast til Íslands. Það hefur flutt með sér ýmis konar siði og venjur sem tilheyra þeirra heimaslóðum eða uppruna. Hvaða kröfur gerum við til þeirra um að aðlagast íslensku samfélagi? Eru þau ekki örugglega jafn velkomin á meðal okkar og Íslendingar sem búa erlendis eru meðal annarra þjóða?

Ég man eftir því sem krakki að hafa heyrt um ættingja mömmu í Vesturheimi eða Kanada. Sumir þeirra heimsóttu Ísland og komu hingað upp á Skaga. Margir töluðu sæmilega íslensku man ég en ekki allir. Það þótti samt merkilegt enda í þessu tilviki um þriðju kynslóð Vestur-Íslendinga að ræða. Íslendingar búsettir í Kanada halda enn 17. júní hátíðlegan þarna vesturfrá með hátíðarræðu, fjallkonu og öllu tilheyrandi sem við fáum árlega fréttir af.

Við lesum líka eða hlustum á fréttir um Íslendinga erlendis sem halda upp á 17 júní og sumir jafnvel þorrablót þar sem gestir og gangandi gæða sér á hákarli og brennivíni. Þetta hefur mér alltaf fundist frábært, hlakkaði til og tók sjálf þátt í þegar ég bjó í útlöndum hér áður fyrr. Og Íslendingar halda mjög gjarnan í málið sitt þótt þeir hafi dvalist langdvölum erlendis og þeim finnst flestum ef ekki öllum mikilvægt að

börnin þeirra tali íslensku þótt fædd séu utanlands þótt ekki sé nema til að geta átt samskipti við afa og ömmur hér heima.

En hvers vegna flytur fólk frá föðurlandinu eitt eða með fjölskylduna með sér. Það er heilmikið fyrirtæki og örugglega ekki auðvelt, hvorki ákvörðunin né flutningarnir sjálfir. Hvað býður manns? Jú, að minnsta kosti annað tungumál, nýir nágrannar og nýir vinnufélagar. Barnanna bíða leik- eða grunnskólar þar sem þau tala ekki málið. Ég man eftir því þegar nágranni okkar á Heiðarbrautinni flutti til Ástralíu með fjölskylduna sína sem þótti óðs manns æði. Þangað fór á sínum tíma stór hópur Íslendinga í leit að betra lífi eða ævintýrum, hver veit. Til Svíþjóðar fluttust svo íslenskir iðnaðarmenn á seinni hluta sjöunda áratugarins og hafa margir hverjir ekki flutt heim aftur. Ég þekki persónulega nokkra þeirra og þeir eru fyrir löngu farnir að líta á sig sem innfædda en þeir eru alltaf með upprunann á hreinu. Við erum auðvitað Íslendingar fyrst og síðast segja þeir stoltir.

Við vitum svo öll um þær fjölmörgu fjölskyldur sem hafa flust búferlum á síðustu árum, sérstaklega eftir hrunið 2008. Noregur, Svíþjóð og Danmörk í flestum tilvikum áfangastaðurinn en einnig Bretlandseyjar. Einhverjir hafa kannski komið heim aftur en sumir munu aldrei gera það. Þeir munu samt aldrei hætta að vera Íslendingar.

Amma mín sagði okkur barnabörnunum frá bróður hennar sem fór barnungur til Ameríku og þráði það eitt að komast heim aftur sem hann og gerði. Þegar sögunni lauk horfði hún gjarnan beint framan í okkur og sagði stundarhátt: Það skiptir öllu máli að vita hver maður er.

Hvernig viljum við að komið sé á móti Íslendingum erlendis? Ég get aðeins talað fyrir sjálfa mig en ég vil að þeir njóti sannmælis og fái tækifæri á eigin forsendum. Það sama ætti að gilda um þá sem vilja setjast hér að. Þeirra bíða sömu aðstæður og okkar erlendis, þ.e. nýtt tungumál, nýr vinnustaður eða skóli, nýir nágrannar o.s.frv. Verum sanngjörn. Flokkum ekki fólk eða drögum í dilka. Við eigum að sýna mannúð, umburðarlyndi og skilning en fela okkur ekki á bak við

reglugerðir eða lagakróa. Ég skammast mín alltaf þegar ég heyri af eða les um fólk sem er sent til baka í ömurlegar aðstæður af því að reglugerðir segja svo þótt það dreymi um að búa hér á landi og hafi jafnvel komið sér vel fyrir.

Með þessu er alls ekki að segja að við eigum ekki að halda í þjóðlegar hefðir og við eigum auðvitað halda áfram að vera stolt af uppruna okkar og þjóðerni. Við höfum ástæðu til að gleðjast yfir mörgu. En við höfum enga ástæðu gera lítið úr eða mismuna fólk. Og þeir sem hingað flytjast eiga líka að fá að vera stoltir af uppruna sínum um leið og þeir fá tækifæri til að gleðjast yfir því að verða Íslendingar og tilheyra íslensku samfélagi. Umburðarlyndi okkar þarf að ná til þess að þeir fái frið til að halda í siði og venjur, að börnin þeirra tali sitt móðurmál alveg eins og við gerum og ætlumst til af löndum okkar erlendis. Það er fullkomlega fráleitt að ætla þeim sem koma úr öðrum menningarsamfélögum að hundsá uppruna sinn. Umburðarlyndi okkar þarf líka að ná til þess að skilja og viðurkenna að við erum ólík en eigum okkar rétt.

Ágætu tilheyrendur.

Ég hef gert að umtalsefni hér þjóðarstolt, umburðarlyndi og drauma. Hallbera Guðný Gísladóttir knattspyrnukona hefur látið drauminn um atvinnumennski og að spila með landsliði Íslands rætast. Hún hefur líka vakið athygli á mismunun sem er til staðar á milli kvenna- og karlknattspyrnu. En hún leggur í þessa vegferð til að hafa áhrif, til að láta gott af sér leiða og segir einfaldlega: *“Ég er í stöðu til að geta breytt einhverju.”* Hún vill leggja sitt lóð á vogarskálar núna svo aðrir fái að njóta síðar, taka þátt í að breyta og bæta svo gera megi betur. Það er hollur hugsunarháttur og gott viðhorf svona almennt.

Fetum öll í fótspor hennar og leggjum okkar lóð á vogarskálar til að gera íslenskt samfélag enn betra fyrir alla. Hvert og eitt okkar skiptir máli. Hvert og eitt okkar getur haft áhrif. Við getum öll verið heimsins

bestu foreldrar, afar eða ömmur, systkini, ættingjar, vinir, samstarfmenn eða nágrannar. Notum okkur það. Sérhver ferð hefst á einu skrefi. Tökum næsta skref saman, það getur verið skrefið sem breytir öllu.